



Fréttatilkynning
07 May 2024 08:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Niðurstöður í endurkaupum á eigin bréfum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki eða bankinn) ákvað að taka tilboðum fyrir 11.772.488 hluti á genginu 99,8 krónur fyrir hvern hlut í endurkaupum sem tilkynnt var um mánudaginn 6. maí 2024. Uppgjörsdagur samþykktra tilboða er föstudagurinn 10. maí 2024.

Íslandsbanki hf. (Íslandsbanki eða bankinn) ákvað að taka tilboðum fyrir 11.772.488 hluti á genginu 99,8 krónur fyrir hvern hlut í endurkaupum sem tilkynnt var um mánudaginn 6. maí 2024. Uppgjörsdagur samþykktra tilboða er föstudagurinn 10. maí 2024.

Endurkaupin eru í samræmi við viðeigandi lög, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Íslandsbanki hf. á 51.466.955 hluti, eða sem nemur 2,57% af útgefnu hlutafé að loknum kaupum á þeim bréfum sem um ræðir hér að ofan. Í framangreindri samtölu eru einnig kaup á 249.500 hlutum sem voru viðskipti dags. 6. maí 2024 samkvæmt endurkaupaáætlun sem tilkynnt var um 22. mars 2024.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssýni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstöður í endurkaupum á eigin bréfum með öfugu tilboðsfyrirkomulagi](#)